Nr. 39/2002
6. nóvember 2002

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands

Meðfylgjandi eru upplýsingar úr efnahagsreikningi Seðlabanka Íslands í lok október 2002 og til samanburðar í lok desember 2001 ásamt breytingum í október 2002 og frá ársbyrjun 2002.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans jókst af sérstökum ástæðum tímabundið í september og hefur það nú gengið til baka, en forðinn lækkaði í október um 13,2 milljarða og nam 36,5 milljörðum króna í lok mánaðarins (jafnvirði 419 milljóna Bandaríkjadala á gengi í mánaðarlok). Þessar breytingar má rekja til lánahreyfinga ríkissjóðs. Erlend skammtímalán bankans lækkuðu um 4,5 milljarða króna í mánuðinum og námu 13,7 milljörðum króna í lok hans.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,2 milljarða króna, og er það er í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína sem kynnt var í fréttatilkynningu bankans nr. 28/2002. Gengi íslensku krónunnar veiktist í mánuðinum um 0,8%.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 5,1 milljarði króna í októberlok miðað við markaðsverð. Þar af námu markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs 1,8 milljörðum króna.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir jukust um 3,1 milljarð króna í október og námu 77,9 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir jukust um 2,0 milljarða króna í mánuðinum og námu 8,0 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nettókröfur bankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir jukust um 7,4 milljarða króna í október og námu nettóinnstæður ríkissjóðs um 31 milljarði króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans jókst í október um 4,5 milljarða króna og nam það 37,8 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Helstu liðir í efnahagsreikningi Seðlabankans
Í milljónum króna

	Staða í lok tímabils		Hreyfingar 2002	
Eignaliðir :	Desember 2001	Október 2002	Frá ára-mótum	Í október
Gjaldeyrisforði	36.573	36.544	-30	-13.215
Markaðsskráð verðbréf	5.099	5.123	24	-4
Ríkissjóðs	2.144	1.784	-360	12
Annarra	2.954	3.339	384	-16
Kröfur á innlánsstofnanir	54.053	77.882	23.829	3.098
Kröfur á aðrar fjármálastofnanir	22.774	8.034	-14.740	1.981
Skuldaliðir:				
Erlendar skuldir til skamms tíma	14.979	13.726	-1.253	-4.545
Seðlar og mynt	9.174	9.046	-128	36
Almennar innstæður innlánsstofnana	965	253	-711	-915
Staða á bindireikningum innlánsstofnana	17.678	28.528	10.850	5.338
Almennar innstæður annarra fjármálastofnana	837	278	-559	-641
Staða á bindireikningum annarra fjármálastofnana	1.288	989	-300	-283
Liðir til skýringar :				
Gjaldeyrisstaða Seðlabankans, nettó:	21.595	22.818	1.223	-8.670
Kröfur á ríkissjóð og ríkisstofnanir, nettó:	-31.099	-30.525	574	7.358
Kröfur á aðra, brúttó	76.932	86.016	9.084	5.078
Grunnfé:	27.817	37.827	10.010	4.459

Skýringar:
Gjaldeyrisforði sýnir brúttóeign Seðlabankans í erlendum gjaldeyri. *Markaðsskráð verðbréf ríkissjóðs* sýna eign bankans í spariskírteinum ríkissjóðs, ríkisbréfum og ríkisvíxlum. *Markaðsskráð verðbréf annarra* eru húsbréf og húsnæðisbréf. *Kröfur á innlánsstofnanir* eru brúttókröfur bankans á innlánsstofnanir. *Kröfur á aðrar fjármálastofnanir* eru brúttókröfur bankans á þessar stofnanir. *Erlendar skuldir til skamms tíma* sýna skammtímalán sem Seðlabankinn tekur við og við, m.a. í því skyni að styrkja gjaldeyrisforðann. *Seðlar og mynt* sýna heildarfjárhæð seðla og myntar í umferð utan Seðlabanka. *Almennar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana* eru innstæður þeirra á viðskiptareikningum í Seðlabankanum og *bundnar innstæður innlánsstofnana og annarra fjármálastofnana* eru innstæður sem þeim er skylt að eiga í Seðlabankanum í samræmi við bindiskyldu sem bankinn ákveður. Neðanmáls eru sýndir fjórir liðir til skýringar, í fyrsta lagi *nettógjaldeyrisstaða Seðlabankans* sem sýnir erlendar eignir til skamms tíma að frádregnum erlendum skuldum til skamms tíma, í öðru lagi *nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir*, þ.e. skuldir þessara aðila við Seðlabankann að frádregnum innstæðum þeirra í bankanum, í þriðja lagi innlendar brúttókröfur á aðra en ríkið, og í fjórða lagi *grunnfé* bankans en til þess teljast seðlar og mynt í umferð og innstæður innlánsstofnana í Seðlabankanum.